

# VISA Silfurkort með fríðindum

Vátryggingarskilmálar nr. GT31

## Helstu þættir:

|                               |                 |
|-------------------------------|-----------------|
| Ferðaslysatrygging, allt að   | 4.500.000 kr.   |
| Sjúkratrygging, allt að       | 6.000.000 kr.** |
| Ferðarof, allt að             | 120.000 kr.     |
| Samfylgd í neyð, allt að      | 80.000 kr.      |
| Endurgreiðsla ferðar, allt að | 360.000 kr.     |
| Farangurstrygging, allt að    | 160.000 kr.**   |
| Innkaupatrygging, allt að     | 160.000 kr.**   |
| Farangurstöf, allt að "       | 12.000 kr.      |
| Forfallatrygging, allt að     | 200.000 kr.*    |
| Ábyrgðartrygging, allt að     | 8.000.000 kr.** |

### SOS INTERNATIONAL

Viðlagabjónusta og neyðarhjálp.

\* Sjálfsábyrgð 15.000 kr.

\*\* Sjálfsábyrgð 25.000 kr.

## 1. Gildisákvæði

---

- 1.1 Vátrygging samkvæmt eftirfarandi skilmálum er jafnan gild á ferðalögum í allt að 60 samfellda ferðadaga.
- 1.2 Vátryggingin nær til kreditkorthafa VISA Silfurkorts með fríðindum sem gefin eru út af Sparisjóðunum. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- 1.3 Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild, að a.m.k. helmingur fargjalds og gistkostnaðar hafi verið greiddur með VISA kreditkorti, VISA raðgreiðslum eða gistirými bókað fyrir fram og kortnúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.4 Einstaklingur sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5 Vátryggður sem býr utan Íslands er vátryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 8. og 9. grein laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.
- 1.7 Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

## 2. Vátryggingarsvið/tími

---

### 2.1 Vátrygging þessi felur í sér:

- Ferðaslysatryggingu
- Sjúkratryggingu
- Ferðarof
- Ferðakostnað annarra aðila
- Endurgreiðslu ferðar
- Viðlagabjónustu og neyðarhjálp
- Farangurs- og innkaupatryggingu
- Farangurstafatryggingu
- Forfallatryggingu
- Ábyrgðartryggingu

**samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.**

- 2.2 Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þær milli félagsins og VISA Íslands.

Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka vátryggingarskilmála og fyrra kort.

- 2.3 VISA Ísland hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á trygging hátt, sbr. 13. gr. viðskiptaskilmála VISA Íslands.

### 3. Skilgreiningar

---

#### 3.1 Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

„Félagið“ merkir VÍS tryggingar hf.

„Korthafi“ er sá sem hefur í gildi VISA Silfurkort með fríðindum og gefið er út af Sparisjóðunum.

“VISA kreditkort” merkir kort gefið út á Íslandi.

“Dvalarkostnaður” merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„Vátryggður“ merkir þann mann hvers lífs eða heilsu vátryggingin tekur til og eftir atvikum þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða korthafa VISA, maka hans, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.

„Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á vátryggðum og gerist án vilja hans.

„Dvalarland“ merkir land þar sem vátryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búíð samfellt í a.m.k. 180 daga.

„Ferðakostnaður“ merkir fargjald og gistikostnað.

„Náinn ættingi“ merkir maka, sambýlismaka, unnustu/a, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdforeldri, tengdabarn, afa eða ömmu vátryggðs.

„Náinn samstarfsmaður“ merkir þann sem vátryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

„Sambýlismaki“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) skráð lögheimili, b) skattframtal, eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„Flutningsslýs á munum“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum vátryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„Létt bifhjól“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist öskuskírteinis til notkunar þess.

### 4. Ferðaslysatrygging og sjúkrakostnaður

---

#### 4.1 Slys á ferðalagi

Verði vátryggður fyrir slysi á ferðalagi á vátryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

4.1.1 Dánarbætur kr. 4.500.000.

4.1.2 Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga um vátryggingarsamninga.

4.1.3 Varanleg örorka, kr. 4.500.000 eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

|   |      |
|---|------|
| • Algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, | 100% |
| • Missir handar við úlnlið eða ofar,                      | 100% |
| • Algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa,       | 100% |
| • Missir fótar við ökkla eða ofar,                        | 100% |
| • Algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta,          | 100% |
| • Algjör, ólæknandi vitskerðing,                          | 100% |
| • Algjör, ólæknandi lömun,                                | 100% |
| • Algjört, ólæknandi heyrnarleysi,                        | 50%  |
| • Algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra,            | 30%  |
| • Missir þumalfingurs hægri handar,                       | 20%  |

4.1.4 Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærrí er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hlíðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.

4.1.5 Sé hinn vátryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

#### 4.2 Takmarkanir á bótaskyldu

4.2.1 Dánarbætur skv. tölulið 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.

4.2.2 Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftir greindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3 hér að framan:

- • 60-61 árs 90%
- • 62-63 ára 80%
- • 64-65 ára 70%
- • 66-67 ára 60%
- • 68-69 ára 50%
- • 70-71 árs 40%
- • 72-73 ára 30%
- • 74 ára og eldri 20%

4.2.3 Bætur skv. töluliðum 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærra en kr. 4.500.000.

### 4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að kr. 6.000.000 vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 25.000 í hverju tjóni.**

**Félagið bætir eftirfarandi:**

4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkráhusvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.

4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan auka dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.

4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

4.3.4 Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands.

4.3.5 Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

### 4.4 Ferðarof

4.4.1 Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að kr. 120.000 vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

4.4.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða í dvalarlandi.

4.4.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

4.4.4 Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

### 4.5 Ferðakostnaður annarra aðila

4.5.1 Félagið greiðir nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 80.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

### 4.6 Endurgreiðsla ferðar

4.6.1 Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

4.6.2 Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.

4.6.3 Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

### 4.7 Takmarkanir á bótaskyldu skv. liðum 4.3 - 4.6

**Félagið bætir ekki:**

4.7.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.

4.7.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.

4.7.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

4.7.4 Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:

- a) mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomu- degi eða
- b) ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknis meðferðar erlendis.

- 4.7.5 Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af þegar staðfestingargjald var greitt.
- 4.7.6 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

## 5. Farangur og tafir

### 5.1 Farangurs- og innkauptrygging

Váttryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Skilyrt er að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

- 5.1.1 Félagið greiðir allt að kr. 160.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 80.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.
- 5.1.2 Félagið greiðir allt að kr. 160.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 80.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með VISA kreditkorti.
- 5.1.3 Hámarksbætur vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í 5.1.1 og 5.1.2
- 5.1.4 Hámarksbætur á hverju almanaksári fyrir sig skv. gr. 5.1.1 og 5.1.2 eru kr. 320.000 fyrir hvern fullorðinn og kr. 160.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 25.000 í hverju tjóni.**

### 5.2 Takmarkanir á bótaskyldu.

**Félagið bætir ekki:**

- 5.2.1 Einstakan hlut, þar eða samstæðu með hærri fjárhæð en kr. 80.000.
- 5.2.2 Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- 5.2.3 Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- 5.2.4 Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- 5.2.5 Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- 5.2.6 Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- 5.2.7 Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- 5.2.8 Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots.
- 5.2.9 Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- 5.2.10 Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda og/eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- 5.2.11 Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- 5.2.12 Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- 5.2.13 Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- 5.2.14 Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu.
- 5.2.15 Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

### 5.3 Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

- 5.3.2 Þrátt fyrir gr. 5.3.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%

| Tegund                | Ár án afskr. | Afskr.á ári |
|-----------------------|--------------|-------------|
| Fatnaður              | 1 ár         | 20%         |
| Hljómflutningstæki    | 2 ár         | 10%         |
| Stafrænar myndavélar  | 1 ár         | 20%         |
| Tölvur og fylgihlutir | 1 ár         | 20%         |

|                          |      |     |
|--------------------------|------|-----|
| Útvörp                   | 2 ár | 10% |
| Önnur rafmagnstæki       | 1 ár | 10% |
| Reiðhjól                 | 1 ár | 10% |
| Skíða- og viðlegubúnaður | 1 ár | 10% |

5.3.3 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

#### 5.4 Töf á farangri

5.4.1 Fáí váttryggður farangur sinn ekki afhentan innan 12 tíma eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast kr. 12.000 til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri.

- Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.
- Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.
- Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið.
- Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/ flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farabókun.

#### 5.5 Varúðarreglur

5.5.1 Váttryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir váttryggðu munir eru skildir eftir.

5.5.2 Váttryggður skal ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

5.5.3 Váttryggður skal sjá til þess að hinir váttryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

5.5.4 Váttryggður skal ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.

#### 5.6 Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

## 6. Forföll

6.1 Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 200.000, vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

6.1.1 Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda sé það vottað af starfandi lækni.

6.1.2 Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:

a) Andist.

b) Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni.

6.1.3 Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem váttryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

6.1.4 Verulegt eignatjón á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

6.1.5 Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins váttryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.

6.1.6 Rán flutningsfars.

6.1.7 Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

6.1.8 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.

**Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.**

**Sérhver váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 15.000 í hverju tjóni.**

**Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.**

#### 6.2 Takmörkun á bótaskyldu

**Félagið bætir ekki:**

6.2.1 Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.

6.2.2 Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:

a) Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).

- b) Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar.
  - c) Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
  - d) Gjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
  - e) Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
  - f) Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
- 6.2.3 Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.
- 6.2.4 Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- 6.2.5 Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- 6.2.6 Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- 6.2.7 Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila, sem annast farþegaflutninga.

## 7. Ábyrgðartrygging vegna tjóns þriðja aðila

### 7.1 Félagið greiðir bætur allt að kr. 8.000.000 samtals vegna:

- a) Líkamstjóns einstaklings er leiðir af bótaskyldu atferli váttryggðs.
- b) Tjóns eða skemmda á munum er leiða af bótaskyldu atferli váttryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- c) Kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá váttryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
- d) Málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda váttryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 25.000 í hverju tjóni.**

### 7.2 Takmarkanir á bótaskyldu

**Félagið bætir ekki tjón, sem leiðir af eða tengist:**

- 7.2.1 Notkun, umráðum eða eignarhaldi vélknúinna ökutækja svo og annarra vélknúinna tækja til notkunar á legi eða lofti.
- 7.2.2 Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánnum ættingja váttryggðs.
- 7.2.3 Ábyrgð á dýrum sem tilheyra váttryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- 7.2.4 Hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða illfýsi.
- 7.2.5 Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- 7.2.6 Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- 7.2.7 Notkun skotvopna, fallhlífarstökki, sviffugi, svifdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- 7.2.8 Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.

## 8. Almenn ákvæði

- 8.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Váttryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublað fyrir tjónatilkynningar fást hjá VÍS tryggingum hf. og á vefsíðu félagsins; [www.vis.is](http://www.vis.is).
- 8.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortreikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortreikninginn eigin áhættu í sjúkratjónum.
- 8.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málssóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.
- 8.4 Váttryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 8.5 Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.

- 8.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. váttryggingar- skilmálum þessum og önnur váttrygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó tölulið 6.1.7.
- 8.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins VISA kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum váttryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 8.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins VISA korts fyrir hvern váttryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 8.9 Um gildi og túlkun váttryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum, sbr. þó tölulið 7.1.c).
- 8.10 Komi í ljós að váttryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.
- 8.11 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.
- 8.12 Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 8.13 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar- og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á. m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu félagsins á slíkum upplýsingum.
- 8.14 Tjónagrunnur
- 8.14.1 Tjónagrunnur er sameiginlegur gagnagrunnur skaðatryggingafélaga á Íslandi. Grunnurinn er rekinn af Creditinfo, sem óháðum aðila, samkvæmt heimild Persónuverndar í þeim tilgangi að stemma stigu við váttryggingasvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Váttryggingafélögin eru hvert um sig ábyrgðaraðilar þeirra upplýsinga sem þau skrá í tjónagrunn en Creditinfo er vinnsluaðili, sbr. lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- 8.14.2 Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins skrást í tjónagrunninn.
- 8.14.3 Eftirfarandi atriði er heimilt að skrá í tjónagrunn:
- Nafn váttryggingafélags.
  - Kennitala tjónþola.
  - Númer máls hjá félagi.
  - Tegund váttryggingar.
  - Tegund tjóns.
  - Dagsetning tjóns.
  - Dagsetning skráningar í tjónagrunn.
  - Staðsetning tjóns.
  - Einkvæmt númer hins tryggða, t.d. númer ökutækis.
- 8.14.4 Óheimilt er að skrá í tjónagrunn upplýsingar um einstök heilsufarsleg atriði í tengslum við líkamstjón.
- 8.14.5 Aðgangur að grunninum er takmarkaður við þá starfsmenn sem skrá tjón og vinna við tjónauppgjör.
- 8.14.6 Óheimilt er að nota upplýsingar úr tjónagrunni í markaðs- og/eða viðskiptalegum tilgangi.
- 8.14.7 Upplýsingum í grunninum er eytt út þegar ekki gerist lengur þörf á þeim, en í síðasta lagi 10 árum frá skráningu upplýsinganna.

## 9. Almennar takmarkanir á bótaskyldu

### Félagið bætir ekki:

#### 9.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:

- a) Beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirgni og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- b) Beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- c) Beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eitrefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eitrefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- d) Stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.

- e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðing af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt staflaðum a), b), c), d), hér að ofan.
- 9.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklifi, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, sviffugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar.
- 9.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi.
- Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
- 9.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- 9.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- 9.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af
- a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- 9.7 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 9.8 Valdi váttryggður váttryggingarburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 9.9 Ef í einum og sama váttryggingarburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum kortahafa VISA, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

## 10. Greiðsla bóta og vextir

- 10.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingarburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. gr. eða 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

## 11. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing

- 11.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 11.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar váttryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.
- 11.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## SOS international- viðlagabjónusta og neyðarhjálp

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarþætti váttryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika váttryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með Sparisjóðs kreditkort.

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Sparisjóðs ferðatryggingu korthafa hjá VÍS tryggingum hf., að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með Sparisjóðs korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með Sparisjóðs kreditkort.

## Slysa- og sjúkrapjónusta

### Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- Að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- Að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- Að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- Heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- Að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- Að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- Að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- Að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

## Ferðapjónusta

### Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- Áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl. (og fleira).
- Endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

## SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn - árið um kring.

|                           |                            |
|---------------------------|----------------------------|
| <b>SOS Danmörku</b>       | <b>Sími (45) 3848 8080</b> |
| <b>Netfang</b>            | <b>sos@sos.dk</b>          |
| <b>Heimasíða</b>          | <b>www.sos.dk</b>          |
| <b>VÍS tryggingar hf.</b> | <b>Sími: 354 560 5000</b>  |